

## REGLUGERÐ

**um (4.) breytingu á reglugerð nr. 831/2014 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 605/2010 um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og manna og varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir vegna aðflutnings til Evrópusambandsins á hrá mjólk og mjólkurafurðum til manneldis.**

### 1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, 9. tölul., svohljóðandi:

9. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/588 frá 11. apríl 2019 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 605/2010 að því er varðar að færa Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland og tiltekna hjálendur krúnunnar á skrá yfir þriðju lönd eða hluta þeirra þaðan sem leyfður er aðflutningur á sendingum af hrá mjólk, mjólkurafurðum, broddi og afurðum, að stofni til úr broddi, sem ætluð eru til manneldis, til Sambandsins.

### 2. gr.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar, sem nefnd er í 1. gr., er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 8. maí 2019.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Kristján Skarphéðinsson.**

---

*Iðunn Guðjónsdóttir.*

**Fylgiskjal.****FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/588**

frá 11. apríl 2019

um breytingu á I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 605/2010 að því er varðar að færa Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland og tiltekna hjálendur krúnunnar á skrá yfir þriðju lönd eða hluta þeirra þaðan sem leyfður er aðflutningur á sendingum af hrámjólki, mjólkurafurðum, broddi og afurðum, að stofni til úr broddi, sem ætluð eru til mannelis, til Sambandsins

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/99/EB frá 16. desember 2002 um heilbrigðisreglur um framleiðslu, vinnslu, dreifingu og aðflutning á afurðum úr dýraríkinu til mannelis <sup>(1)</sup>, einkum 8. gr. (inngangsorð), 8. gr. (fyrsta undirgrein 1. liðar og 4. liður) og 9. gr. (4. mgr.),

og að teknu tilliti til efiðfarandi:

- 1) Hinn 29. mars 2017 lagði Bretland fram tilkynningu um þá fyrirætlan sína að ganga úr Sambandinu skv. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Hinn 22. mars 2019 samþykkti leiðtogaáæðingin (ESB) 2019/476 <sup>(2)</sup> um að framlengja tímabilið skv. 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið í samráði við Bretland. Ef neðri deild þingsins samþykkir ekki útgöngusamning eigi síðar en 29. mars 2019 er tímabilið, sem kveðið er á um í 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, framlengt til 12. apríl 2019 í samræmi við þá ákvörðun. Þar eð útgöngusamningurinn var ekki samþykktur fyrir 29. mars 2019 hættu lög Sambandsins að gilda um og í Bretlandi frá og með 13. apríl 2019 (hér á eftir nefndur „útgöngudagurinn“).
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 605/2010 <sup>(3)</sup> er mælt fyrir um skilyrði varðandi heilbrigði manna og dýra og kröfur vegna útgáfu vottorða í tengslum við aðflutning til Sambandsins á sendingum af hrámjólki, mjólkurafurðum, broddi og afurðum, að stofni til úr broddi, sem eru ætluð til mannelis og sett fram skrá yfir þriðju lönd eða hluta þeirra þaðan sem aðflutningur til Sambandsins á slíkum sendingum er heimilaður.
- 3) Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland hefur lagt fram nauðsynlegar ábyrgðir fyrir landið og tiltekna hjálendur krúnunnar um að uppfylla skilyrðin, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 605/2010 um aðflutning á sendingum af hrámjólki, mjólkurafurðum, broddi og afurðum, að stofni til úr broddi, sem eru ætluð til mannelis til Sambandsins, frá útgöngudeginum með því að halda áfram að hlíta löggjöf Sambandsins á upphafstímabili sem varir í a.m.k. níu mánuði.
- 4) Með tilliti til þessara tiltekna ábyrgða, sem Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland lagði fram, og í því skyni að koma í veg fyrir ónauðsynlega röskun á viðskiptum eftir útgöngudaginn ættu Bretland og tiltekna hjálendur krúnunnar því að vera færð í dálka A, B og C í skránni yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði og hluta þeirra, sem sett er fram í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 605/2010, þaðan sem leyfður er aðflutningur á sendingum af hrámjólki, mjólkurafurðum, broddi og afurðum, að stofni til úr broddi, sem eru ætluð til mannelis til Sambandsins.
- 5) Því ætti að breyta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 605/2010 til samræmis við það.
- 6) Þessi reglugerð ætti að koma til framkvæmda frá og með 13. apríl 2019 nema ef lög Sambandsins gilda áfram um og í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi á þeim degi.
- 7) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 605/2010 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 13. apríl 2019.

Hins vegar skal hún ekki koma til framkvæmda ef lög Sambandsins gilda áfram um og í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi á þeim degi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. apríl 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,  
forseti.  
Jean-Claude JUNCKER*

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 18, 23.1.2003, bls. 11.

(<sup>2</sup>) Ákvörðun leiðtogaráðsins (ESB) 2019/476 sem tekin var í samráði við Bretland 22. mars 2019 um að framlengja tímabilið skv. 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið (Stjtið. ESB L 80 I, 22.3.2019, bls. 1).

(<sup>3</sup>) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 605/2010 frá 2. júlí 2010 um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og manna og varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir vegna aðflutnings til Evrópusambandsins á hrá mjólk og mjólkurafurðum til mannelis (Stjtið. ESB L 175, 10.7.2010, bls. 1).

*VIÐAUKI*

Töflunni í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 605/2010 er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línur er bætt við á eftir færslunni fyrir Eþjópíu:

„GB	Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland	+	+	+
GG	Guernsey	+	+	+“

b) Eftirfarandi línu er bætt við á eftir færslunni fyrir Ísland:

„JE	Jersey	+	+	+“
-----	--------	---	---	----